



## Sumarfjör í Borgarnesi 2020 \*Birt með fyrirvara um breytingar

Vika	Dagsetning	Pema	Upplýsingar um hvað verður gert.
1	8.-12. júní	Kynningar- og öryggisvika	Í þessari viku ætlum við í kynningar- og hópeflisleiki, auk þess sem við fáum góða gesti til þess að fræða okkur um mikilvægi öryggis í umferðinni. _____ og _____ koma til okkar og kenna okkur yfirferð og smáviðgerðir á hjólum. Lögreglan kíkir til okkar og kennir okkur um mikilvægi hjálma og fer yfir umferðarreglurnar.
2	15.-19. júní	Hæfileikasmiðjan og körfubolta-búðir	Skapandi sumarnámskeið þar sem er unnið með hópeflis- og samvinnuleiki, list í ýmsu formi og prufaðar nýjar leiðir í leik og list. Við lærum aðferðir til að koma auga á eigin hæfileika, efla jákvæð samskipti, hugsa út fyrir kassann og hafa gaman! Kennari: Hólmfríður Valdís Sævarsdóttir Körfubolta-búðir í boði fyrir Sumarfjörskrakka.
3	22.-26. júní	Listasmiðja	Við bjóðum upp á listanámskeið fyrir þau sem hafa áhuga. Við förum í heimsókn á vinnustofu listakonunnar Michelle Bird og lærum fjölbreytta tækni við að teikna og mála fólk, hluti og náttúru. Kennari: Michelle Bird
4	29. júní-3. Júlí	Náttúru- og umhverfisfræðsla, dansnámskeið	Í þessari viku skoðum við náttúruna og lífríkið. Við skoðum mismunandi lífverur og tegundir, lærum að þekkja þær og skilja hvernig þær tengjast hvor annarri. Fræðumst um samspil fólks og náttúru, hvernig við tengjumst henni öll og hvernig við getum haft jákvæð áhrif á jörðina og lífríkið okkar. Einnig verður boðið upp á dansnámskeið þessa vikuna. Kennari: Marta Carrasco
5	6.-10. júlí	Skátavika	Við beinum sjónum að skátastarfi og gildum þess. Við lærum ýmsar skátakúnstir, grillum snúrabrauð og fræðumst um skátahreyfinguna.
6	13.-17. júlí	Útivist og fönðurgerð	Útivist og ýmislegt skemmtilegt fönður.
	20.-24. júlí		<b>Lokað</b>
	27.-31. júlí		<b>Lokað</b>
7	4.-7. ágúst	Ævintýravika	Útivera og ævintýri. Við bjóðum skólahóp haustsins velkominn til okkar. Við förum í skemmtilega leiki og njótum útiverunnar í nærumhverfinu.
8	10.-14. ágúst	Tilraunavika og körfubolta-búðir fyrir yngstu börnin	Við ætlum að beina sjónum að vísindunum og hvernig er hægt að gera skemmtilegar tilraunir með hversdagslegum efnivið. Körfubolta-búðir í boði fyrir yngsta hópinn.
9	17.-19. ágúst	Lokahátíð	Lokavika Sumarfjör. Við endum sumarið á kveðjuhátíð í Skallagrímgarði.

\*Það eru tveir lögbundnir frídagar yfir sumarið, 17. júní og 3. ágúst.

### Gestakennarar:

**Vika 2:** Hólmfríður Valdís hefur starfað sem forstöðumaður frístundaheimilis í Reykjanesbæ og er hún stofnandi Hæfileikasmiðjunnar sem er skapandi sumarnámskeið fyrir káta krakka.

**Vika 3:** Michelle Bird er myndlistakona sem hefur mikla reynslu í því að vinna með börnum og ungmennum.

**Vika 3:** Marta Carrasco, stúdent af náttúruvísindabraut í Kvennaskólanum og aðstoðarkennari í 3.-4. bekk í Waldorfskólanum. Marta er einnig afrekskona í dansi og á að baki glæstan feril í samkvæmisdönsum.

**Starfsfólk í Borgarnesi:** Svala Eyjólfsdóttir, Declan Redmond, Erla Ágústsdóttir, Hafdís Lára Halldórsdóttir, Jóhannes Magnússon og Sóley Ásta Orradóttir

**Starfsfólk á Hvanneyri:** Kristín Jónsdóttir, Aníta Ólöf Elínardóttir og Móses K. Jósefsson